



**Notkun valtara með þjöppumæli og staðsetningarbúnaði í vegagerð - Áfangaskýrsla 1. Jón Haukur Steingrímsson. Efla hf. – mars 2022.**

Ágrip skýrsluhöfundar:

Síðasta áratuginn eða svo hefur verið mikil þróun í mælitækni og hugbúnaði við mælingar á þjöppun í vegagerð. Hugtökin samfelld þjöppunarstjórnun (CCC) Continuous Compaction Control og snjallþjöppun eða (IC) intelligengt Compaction eru notuð yfir þessi þjöppunarkerfi. Tæknin gengur út á að mælitæki í völturum mæla stífni jarðlaga og fyllinga samhliða því sem vinnan fer fram. Mælingarnar eru festar við nákvæma staðarákvörðun og þannig er hægt að greina og rekja hvernig ákveðin svæði í vegum hafa verið þjöppuð. Verklýsingar í vegagerð á Íslandi hafa ekki verið aðlagðar að þessari tækni, en þar hefur lengi verið miðað við handvirka skráningu á þjöppun í völtunardagbók. Sjálfur þjöppunarmælíbúnaðurinn hefur verið til staðar hjá íslenskum verktökum töluvert lengur, en það er aðeins nýverið sem hægt er að tala um að þjöppunarkerfi séu komin í notkun þar sem þessum mælingum er þá kerfisbundið haldið til haga með nákvæmri staðarákvörðun.

Það er aðeins nýverið sem reynt hefur verið að skrifa inn í verklýsingar í vegagerð kröfur um samfellda þjöppunarstjórnun og þar með sérstök gæðakerfi þar að lútandi. En það er ekki nóg, þrátt fyrir að kerfin séu að nokkru leyti komin vantar mikið upp á að þekking á kerfunum og virkni þeirra sé nægjanlega góð. Einnig virðast byrjunarsjúkdómar enn vera að hrjá þessi kerfi sem hafa verið frekar þung í meðhöndlun og krafist mikillar þekkingar á hverjum hugbúnaði fyrir sig til að ná gögnum út úr þeim.